

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. janúar 2022 í máli nr. 84/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. ágúst 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili efni samning milli málsaðila um kaup á verkfærasetti. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað eða vísað frá kærunefndinni eftir atvikum.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 30. ágúst 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 13. september 2021. Nefndinni bárust ekki athugasemdir við andsvör varnaraðila frá sóknaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara varnaraðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um í málinu, samanburður varnaraðila á kaupverði stakra verkfæra, svo og mynd af verðlagningu verkfærasettsins í vefverslun varnaraðila.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á verkfærasetti á heimasíðu varnaraðila þann 23. júlí árið 2021. Greiddi sóknaraðili 21.995 krónur fyrir verkfærasettið sem var af gerðinni Bosch og samanstóð af fimm rafmagnsverkfærum, þ.e. borvél, herslúvél, brothamri, slípirokki og hjólsög. Auk þess var í verkfærasettinu að finna vinnuljós, rafhlöður og hraðhleðslutæki í tösku. Var verkfærasettið tilgreint á heimasíðu varnaraðila sem tilboðsvara. Skömmu eftir kaupin var sóknaraðili tilkynnt af hálfu varnaraðila að verðlagning verkfærasettsins hafi verið röng á heimasíðu varnaraðila. Hafi uppgefið verð fyrir mistök numið aðeins um 10% af útsöluvirði verkfærasettsins og átti verðið að vera að fjárhæð 219.000 krónur. Varnaraðili bauðst jafnframt til að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið vegna mistakanna sem hann og gerði þann 27. júlí 2021.

Sóknaraðili krefst þess að kaupin verði efnd með greiðslu sinni að fjárhæð 21.995 krónur líkt og samið hafi verið um og að varnaraðila verði gert að afhenda sér verkfærasettið. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað eða vísað frá eftir atvikum.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa keypt umþrætt verkfærasett í vefverslun varnaraðila og hafi samningur þannig komist á milli aðila um kaupin fyrir 21.995 krónur. Hafi sóknaraðili keypt verkfærasettið sem gjöf fyrir eiginmann sinn. Þremur dögum síðar hafi starfsmaður varnaraðila haft samband við sóknaraðila og tilkynnt henni að mistök hafi verið gerð við verðmerkingu söluvörunnar þar sem einn tölustaf hafi vantað aftan við uppgefið verð á vefsíðunni. Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að varnaraðili geti ekki borið fyrir sig að söluvaran hafi verið, fyrir

mistök, ranglega verðmerkt í vefverslun. Telur sóknaraðili að varnaraðila beri að efna samning þeirra og afhenda söluvöruna á því verði sem hún hafi verið auglýst á og sóknaraðili greiddi varnaraðila fyrir.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að í 1. másl. 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sé kveðið á um skyldu fyrirtækja sem selja vörur til neytenda til að merkja vöru sína með verði eða sýni það á svo áberandi hátt á sölustaðanum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 2. másl. sama lagaákvæðis sé að finna heimild Neytendastofu til að setja nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu. Neytendastofa hafi sett reglur nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Varnaraðili kveður sóknaraðila byggja kröfu sína á ákvæðum 5. mgr. 3. gr. reglnanna þar sem kveðið sé á um að fyrirtæki skuli selja vöru á því verði sem verðmerkt sé einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta eigi þó ekki við ef kaupanda megi vera ljóst að um mistök sé að ræða.

Varnaraðili tekur fram að að í greinargerð með reglum nr. 536/2011 komi fram að framagreint ákvæði 5. mgr. 3. gr. þeirra byggji á ólögfestum meginreglum laga. Telji varnaraðili að um sé að ræða skírskotun til meginreglna samninga- og kröfuréttar, þar á meðal til grundvallareglunnar um að samninga skuli halda og efna samkvæmt efni þeirra. Til slíkra meginreglna teljist hins vegar einnig meginreglan um tillitskyldu aðila í gagnkvæmu samningssambandi og reglan um rangar forsendur. Þessum meginreglum til fyllingar telji varnaraðili að líta megi til 1. mgr. 32. gr. samningalaga nr. 7/1936. Telur varnaraðili að efni 2. másl. 5. mgr. 3. gr. reglnanna um mistök endurspegli framangreint ákvæði og að reglan um rangar forsendur liggja þar að baki. Í athugasemdum í frumvarpi til laga nr. 7/1936 segi meðal annars að: „Það er ekki rétt að láta þann, sem yfirlýsinguna gaf, bera ábyrgð á öllu því ósamræmi, sem vera kann milli þess, sem hann vildi lýsa yfir, og þess, sem gagnaðili heldur að hann vilji lýsa yfir eftir hljóðan yfirlýsingarinnar, eins og hún er, þegar hún kemur til hans.“

Þá telur varnaraðili að líta beri jafnframt til 38. gr. laga nr. 7/1936 þar sem fram komi eftirfarandi: „Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því að sá maður, sem löggerningnum er beint til hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stundu, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif á ráðstafanir hans“. Varnaraðila þykir því ljóst að væntingar um skuldbindingargildi samnings verði almennt að geta talist raunhæfar með hliðsjón af atvikum öllum. Um þetta vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 325/2007 sem og dóms Landsréttar í máli nr. 699/2019. Varnaraðili vísar einnig til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 11/2009 þar sem deilt hafi verið um hvort seljandi væri bundinn af verðmerkingu á pakkaferð á vefsíðu hans. Að sögn varnaraðila megi leiða af forsendum úrskurðarins að gera verði talsvert ríkar kröfur til sýnileika þeirra mistaka sem um ræðir, á þann hátt að þau verði að teljast hafa verið nokkuð augljóst til að seljandi sé óbundinn af verðinu, sbr. meginreglu kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga sem og grunnsjónarmið á sviði neytendaréttar um að vafi skuldi skýrður neytanda í hag. Í forsendum úrskurðar hafi nefndin vísað til þess að verðmerking hinnar umþrættu pakkaferðar væri ekki svo fjarri verðmerkingu annarra ferða sem kvartanda stóðu til boða á heimasíðu seljanda. Sérstaklega hafi nefndin bent á að kvartanda hefði staðið til boða pakkaferðir á svipuðu verði. Þá hafi nefndin talið tilefni til að taka fram að merking á borð við „pakkar og tilboð“ og „tilboðsverð“ gæfi kvartanda undir fótinn að um tilboð hafi verið ræða.

Varnaraðili vísar til dansks dóms Ufr. 1985, bls 877, þar sem hafnað hafi verið kröfu kaupenda um afhendingu sjónvarpstækja, sem komið hafi verið fyrir í búðarglugga, á þeim grundvelli að verðmerking þeirra hafi verið villandi. Hafi í málinu verið meðal annars litið til þess að seljandi upplýsti við fyrsta tækifæri um gerð mistök.

Þá byggir varnaraðili á því að í skilmálum vefverslunar hans segi meðal annars: „Seljandi veitir upplýsingar um vörur eftir bestu vitund hverju sinni. Seljandi birtir allar upplýsingar með fyrirvara um bilanir, vírusa, prent-, birtingar- og innsláttarvillur í texta, verðum og myndum.“ Afstaða varnaraðila sé sú að framangreindur fyrirvari í viðskiptaskilmálum hans um rétta birtingu verðupplýsinga skírskoti til 2. másl. 5. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011. Öðrum kosti hefði tilvist hans enga merkingu.

Að sögn varnaraðila er enginn ágreiningur um að söluvaran sem þrætt er um hafi verið verðmerkt líkt og sóknaraðili hafi upplýst um, bæði í vefverslun og í smávöruslun hans, um stund á 21.995 krónur, á meðan almennt söluverð hennar hafi numið 219.995 krónum. Þá sé rétt að söluvaran hafi borið merkinguna „tilboðsverð“ í vefverslun varnaraðila. Varnaraðili mótmælir þeim rökum sóknaraðila að það gangi ekki upp að einn tölustaf hafi vantað í verðmerkinguna og telji það í raun liggja fyrir að svo hafi verið.

Varnaraðili segir að söluverð á vörum í verslunum varnaraðila sé skráð með miðlægum hætti og birtist þannig sama skráð verð í vefverslun og í öllum verslunum varnaraðila. Hafi starfsmaður varnaraðila upplýst sunnudaginn 25. júlí 2021 að villa hefði komið upp á vefsíðunni þá um helgina, lagðar hefðu verið fram 18 pantanir fyrir verkfærasett sem ætti að vera verðmerkt á 219.995 krónur en hefði verið verðmerkt á 21.995 krónur. Í ljós hafi komið að villa hefði orðið í innlestri, verðlagningarhermir hefði verið notaður til að prófa innlestur en engin villa komið upp við prófunina. Þá kom jafnframt fram að hugsanleg skýring á villunni væri sú að færsla verðupplýsinga úr töflureikni hefði verið gerð án sniðbreytingar og þar með hefði verið lesið inn með röngum hætti. Á þessum tímapunkti lá fyrir að villan virtist stafa af mannlegum mistökum. Sölukerfi í vefverslun varnaraðila sé þeim eiginleikum búið að lækki verð vöru að tilteknu marki færast merkingin „tilboðsverð“ sjálfkrafa á spjald vörunnar. Í ljósi framangreinds þykir varnaraðila ljóst að mistök urðu sannarlega við verðmerkingu söluvörunnar. Varnaraðili telur að af úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 11/2009 leiði að framkvæma þurfi heildarmat á aðstæðum og upplýsingum við afmörkun þess hvort mistök hefðu getað talist augljós í skilningi 2. másl. 5. mgr. 3. gr. reglna 536/2011. Við matið hafi nefndin litið meðal annars til verðlagningar svipaðra kosta og upplýsingargjafar söluaðila. Að mati varnaraðila gefi þessir matsþættir sterklega til kynna að rétt sé að líta til verðlagningar sambærilegra kosta við mat á trú sóknaraðila.

Þá vísar varnaraðili á að þessi mistök hefðu getað haft verulega afdrifaríkar afleiðingar fyrir varnaraðila. Heildarsöluverð þeirra 20 eintaka af verkfærasettinu sem pantaðar hafi verið á röngu verði hafi numið alls 439.900 krónum. Hefðu vörunnar hins vegar selst á réttu verði hefði heildarsöluverðið numið 4.399.990 krónum. Hið rangt skráða verð nam því einum tíunda af rétta verði. Að mati varnaraðila sé því augljóst að mistökin hefðu getað valdið verulegu fjártjóni. Telur varnaraðili ljóst að mistökin hafi verið það alvarleg að þau líkist með engum hætti skekkju sem eðlilegt væri að kaupandi njóti góðs af. Bendir varnaraðili einnig á að flest þeirra verkfæra sem innifalin hafi verið í verkfærasettinu hafi verið til sölu hvert og eitt í verslun varnaraðila. Kaup á þeim stökum hefði numið a.m.k. 312.870 krónum. Hvert og eitt verkfæranna sé til sölu á hærra verði en hið uppgefna verð fyrir verkfærasettið í heild. Af því leiði að mati varnaraðila að sóknaraðili hafi í engu falli getað vænst þess að röng verðmerking söluvörunnar væri rétt.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að fjárhæð hins merkta útsöluverð hafi verið svo áberandi lág að sóknaraðili hafi augljóslega mátt gera sér grein fyrir því að mistök hafi verið gerð við verðmerkingu. Þá sé það afstaða varnaraðila að hann hafi þá þegar unnt hafi verið upplýst sóknaraðila um mistökin og endurgreitt kaupverðið.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á verkfærasetti af gerðinni Bosch í vefverslun varnaraðila föstudaginn 23. júlí 2021 fyrir 21.995 krónur. Fóru kaupin fram þar sem sóknaraðili hugðist gefa eiginmanni sínum verkfærasettið að gjöf. Verkfærasettið samanstóð af fimm rafmagnsverkfærum, þ.e. borvél, herslúvél, brothamri, slípirokki og hjólsög. Auk þess var í verkfærasettinu að finna vinnuljós, rafhlöður og hraðhleðslutæki ásamt tösku. Þremur dögum síðar, mánudaginn 26. júlí 2021, var sóknaraðila tilkynnt um að mistök hafi verið gerð við verðlagningu verkfærasettsins. Hafi rétt verð verið 219.995 krónur en fyrir mistök hafi skráð verð verið sagt 21.995 krónur. Sóknaraðili krafðist þess að kaupin yrðu efnd en varnaraðili endurgreiddi kaupverðið til sóknaraðila degi síðar, þrátt fyrir mótmæli af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess að kaupin verði efnd í samræmi við samning málsaðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað eða að málinu verði vísað frá eftir atvikum. Kærunefndin telur ekkert liggja fyrir í málinu sem leiði til þess að vísa beri kröfu sóknaraðila frá, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála eða 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Verður krafa sóknaraðila því tekin til efnislegrar meðferðar.

Um viðskipti sóknaraðila og varnaraðila gilda lög nr. 16/2016 um neytendasamninga, svo og almennar reglur kröfu- og samningaréttar. Samningur aðila er fjarsölusamningur í skilningi laga nr. 16/2016 um neytendasamninga (nsl.). Ákvæði 5. gr. laganna fjallar um þær upplýsingar sem neytandi á rétt á, innan hæfilegs frests, áður en fjarsölusamningur er gerður, þar á meðal um heildarverð vöru eða þjónustu [...], sbr. d. liður 1. mgr. lagaákvæðisins. Þessar upplýsingar eiga að vera óaðskiljanlegur hluti fjarsölusamningsins samkvæmt 1. mgr. 6. gr. nsl. og ber seljandi sönnunarbyrðina fyrir því að farið sé að kröfum laganna um upplýsingagjöf.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í því felst að samningsaðilum ber að efna gerða samninga samkvæmt efni sínu. Inntak reglunnar nær einnig til þess hluta samnings er varðar umsamið kaupverð. Í III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml)., er að finna undantekningar frá meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Í 1. mgr. 32. gr. sml. segir að löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Í ákvæðinu felst að jafnvel þó mistök verði við gerð löggernings sé hann almennt skuldbindandi þegar löggerningsmóttakandi er í góðri trú um efni hans. Það á þó ekki við ef löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistök eða misritun af hálfu löggerningsgjafa. Litið er til þess sem löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistökin sjálf, en löggerningsmóttakanda þarf ekki að hafa verið kunnugt um það hvernig löggerningsgjafi ætlaði í raun að haga yfirlýsingu sinni.

Í 5. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, sem settar voru af Neytendastofu með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er mælt fyrir um skuldbindingargildi samnings gagnvart neytanda þegar mistök hafa orðið við verðmerkingu. Í ákvæðinu segir að fyrirtæki skuli „selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.“

Að mati kærunefndarinnar verður að leggja til grundvallar að mistök hafi verið gerð við miðlæga skráningu á umræddu verkfærasetti, þar sem það var skráð á um 10% af því verði sem

átti að vera söluverð þess vegna innsláttarvillu starfsmanns. Í ljósi hins mikla verðmunar er sú skýring trúverðug að fimm tölustafir hafi verið slegnir inn í stað sex við verðlagninguna. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila er samanlagt verð á stökum verkfærum í verkfærasettinu a.m.k. 312.870 krónur í vefverslun hans og er því verulegur munur á almennu verði verkfæranna og þess tilboðs sem sóknaraðili telur sig hafa gengið að.

Atvik máls þessa eru sambærileg atvikum í úrskurði kærunefndarinnar nr. 73/2021. Sá munur er hins vegar á málunum tveimur að sóknaraðili máls þessa fór ekki í verslun varnaraðila til að kynna sér verðlagninguna. Virðist sóknaraðili eingöngu hafa skoðað verðlagninguna og fest kaup á verkfærasettinu í vefverslun varnaraðila.

Eins og atvikum máls þessa er háttað telur kærunefndin óvarlegt að leggja til grundvallar að sóknaraðila hafi, á þeim tímapunkti er kaupin áttu sér stað, verið eða mátt vera kunnugt um mistökin. Í því sambandi verður að líta til þess að verðið var skráð sem sérstakt tilboðsverð á heimasíðu varnaraðila. Þá liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi sérstaka þekkingu á rafmagnsverkfærum eða verðlagningu þeirra umfram hinn almenna neytanda. Ekki er unnt að gera þær kröfur til neytenda að þeim beri að efast um réttmæti á framsetningu tilboða í verslunum, jafnvel þótt um verulega lækkun sé að ræða. Þekkt er að atvinnurekendur bjóði vörur á mjög lágum kjörum, t.d. ef þeir vilja rýma til fyrir nýjum vörum á lagernum sínum. Á hinn bóginn mátti sóknaraðili vita að um mjög lága verðlagningu var að ræða, og því hefði það ekki átt að koma henni í opna skjöldu að verðlagningin skýrðist af mistökum varnaraðila, þótt ekki sé fallist á að hún hafi verið í vondri trú við kaupin.

Í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 kemur ekki fram við hvaða tímamark eigi að miða við mat á því hvenær kaupanda má vera ljóst að um mistök hafi verið að ræða. Er af þeim sökum ekkert því til fyrirstöðu að horfa á málið út frá ógildingarreglum samningaréttarins. Gagnstæð skýring, þ.e. að 2. mgr. 3. gr. reglnanna feli í sér strangara mat en myndi leiða af almennum reglum, á ekki stoð í reglunum sjálfum. Þar að auki væri verulegur vafi um hvort slík reglusetning ætti fullnægjandi stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, enda veita ákvæðin framkvæmdarvaldinu ekki heimild til þess að víkja frá ógildingarreglum samningaréttarins. Í greinargerð Neytendastofu, sem fylgdi reglum nr. 536/2011, er þar að auki ekkert sem bendir til þess að tilgangurinn með 2. mgr. 3. gr. reglnanna hafi verið að víkja frá þeim reglum.

Meginregla samningaréttar er sú að loforðsgjafi getur aðeins afturkallað loforð sitt fram til þess tíma þegar loforðið er komið til vitundar gagnaðila, sbr. 7. gr. sml. Hins vegar getur við sérstakar aðstæður verið litið svo á að réttmætt sé að afturkalla loforð eftir að það kom til vitundar móttakanda þess, sbr. ákvæði 38. gr. sml. sem er svohljóðandi:

Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans.

Í seinni málslið ákvæðisins er samkvæmt framangreindu mælt fyrir um að við sérstakar aðstæður megi líta til vitneskju, sem kom til vitundar aðila eftir að samningur var gerður, við mat á gildi hans samkvæmt ákvæðum laganna. Við mat á því hvort líta megi til seinni málsliðar 38. gr. sml. við úrlausn málsins verður að líta til atvika allra og hagsmuna beggja málsaðila.

Í framangreindu sambandi verður m.a. að líta til stöðu málsaðila, en um er að ræða fyrirtæki í atvinnurekstri gagnvart neytanda og ætti almennt að túlka vafa í slíkum viðskiptum

neytanda í hag. Þær upplýsingar sem veittar eru af hálfu seljanda, um verð á vöru samkvæmt verðmerkingum, eiga almennt að skapa væntingar hjá neytanda um raunverulegt söluverð vörunnar og þar með um efni samnings um kaup á vörunni þegar kaup hafa farið fram. Er það í samræmi við skilgreiningu samningaréttar á því hvenær tilboð telst bindandi loforð fyrir móttakanda þess, svo og þá meginreglu samningaréttar að samninga beri að efna samkvæmt efni sínu. Fyrirvari í skilmálum varnaraðila um hugsanlegar villur í texta og verðum gengur ekki framur þeirri meginreglu.

Hins vegar liggur fyrir að varnaraðili tilkynnti sóknaraðila um mistök við verðlagningu á verkfærasettinu þremur dögum eftir kaupin, strax á fyrsta virka degi eftir að samningur komst á milli málsaðila. Er því ljóst að varnaraðili tilkynnti sóknaraðila um mistökin án tafar eftir að þau komu í ljós. Á þeim tíma hafði verkfærasettið ekki verið afhent sóknaraðila og sóknaraðili hafði ekki lagt í neinar ráðstafanir vegna samningsins, að undanskildri greiðslu fyrir verkfærasettið við kaupin. Greiðslan hefur verið endurgreidd af hálfu varnaraðila og ekkert liggur fyrir um að sóknaraðili verði fyrir fjárhagslegu tjóni að öðru leyti ef samningurinn verður ekki efndur af hálfu varnaraðila. Þá verður ekki framhjá því litið að um verulegan verðmun var að ræða þar sem sóknaraðili greiddi aðeins um 10% af raunvirði verkfærasettsins samkvæmt hinu ranga tilboði varnaraðila. Í gögnum málsins kemur ýmist fram að 18 eða 20 verkfærasett hafi verið keypt á hinu ranga verði á þeim skamma tíma sem leið þar til mistökin voru leiðrétt af hálfu varnaraðila. Fjárhagslegt tjón varnaraðila hefði því orðið nokkurt ef fallist yrði á að honum bæri að efna samninginn samkvæmt efni sínu.

Eins og atvikum er háttað verður í þessu tilviki að telja hagsmuni varnaraðila ríkari af því að fá samningnum hnekkt en hagsmuni sóknaraðila af því að samningurinn haldi gildi sínu. Vegur hér þyngst sá mikli verðmunur sem er á útsöluverði og raunvirði verkfærasettsins og að mistökin voru leiðrétt svo skömmu eftir kaupin. Þá verður að líta til þess að sóknaraðili hlaut að hafa a.m.k. hugboð um að verðlagningin gæti verið byggð á mistökum, þótt ekki sé fallist á að hún hafi verið í vondri trú við kaupsamningsgerðina. Slíkt hugboð gerir það að verkum, að mati nefndarinnar, að vægari kröfur en ella eru gerðar til þess að líta megi til vitneskju sem sóknaraðili öðlaðist eftir kaupsamningsgerðina, sbr. 2. másl. 38. gr. laga nr. 7/1936. Í ljósi þessara mjög sérstöku aðstæðna er fallist á með varnaraðila að samningurinn hafi verið óskuldbindandi fyrir hann skv. 1. mgr. 32. gr. sml., sbr. og einnig 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011. Kröfu sóknaraðila er því hafnað.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson